



Skólinn kominn í fullan gang

Skólinn var settur 21. september og hófst kennsla eftir hraðtöflu sama dag. Hraðtaflan þjónar þeim tilgangi að nemendur hitti alla kennara sína fyrsta kennsludaginn. Kennslan hófst síðan af fullum þunga strax daginn eftir. Þetta er í annað skipti sem þetta fyrirkomulag er haft á og hefur almenn ánægja verið með það. Við gerum því ráð fyrir að hraðtafla á fyrsta kennsludegi hafi fest sig í sessi.

Mikill fjöldi nemenda er í skólanum og því fylgir mikið líf og fjör. Nýnemaferð er þegar yfirstaðin og tókst vel. Framundan er nýnemakvöld og í næstu viku er busaball. Þórsmerkurferð er einnig framundan og er óhætt að segja að nemendafélagið fari vel af stað.

Aðgangur forráðamanna að INNU og Námsnetinu

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára hafa óheftan aðgang að Innu og Námsnetinu.

[Inna](#) geymir m.a. upplýsingar um stundatöflu nemenda, mætingu, einkunnir og einingafjölda. Mikilvægt er að fylgjast vel með viðveru /mætingu nemenda. Fyrir kemur að nemendur missa tókin á mætingu sinni á fyrsta ári í framhaldsskóla, því er mikilvægt að veita þeim aðhald varðandi góða skólasókn.

[Námsnetið](#) er upplýsingamiðill fyrir nemendur. Kennarar setja m.a. kennsluáætlanir, námsmat, verkefni, glósur og heimavinnu inn á Námsnetið. Það er nauðsynlegt fyrir nemendur að líta inn á Námsnetið á hverjum degi. Gott getur verið fyrir foreldra að minna unglingana á Námsnetið.

Til að virkja aðganginn þarf að biðja um nýtt lykilorð og setja inn kennitölu. Þá er lykilorðið sent á það netfang sem er skráð á forráðamenn í Innu.

Fyrsta ballið

Miðvikudaginn 3. sept. heldur nemendafélagið sinn fyrsta dansleik á haustönn. Ekkert er sparað af hálfu nemendafélagsins og fjöldi skemmtikrafta mun stíga þar á svið. Dansleikurinn er nemendum mikið tilhlökkunarefni en á sama tíma ber að hafa í huga að sumir nemendur halda að allt sé leyfilegt þegar komið er í framhaldsskóla. Svo er alls ekki. Starfsmenn skólans ásamt gæslumönnum verða til eftirlits. Þeim nemendum sem grunaðir eru um ölvun verður boðið að blása í mæla eða hverfa á braut ella.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast grannt með og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Við minnum á að við samþykkjum ekki drykkju á skólaböllum en nemendur koma stundum undir áhrifum til okkar á dansleiki.

Við vonum að nemendur skemmti sér vel á dansleiknum og njóti þess sem nemendafélagið (NFFG) býður upp á í vetur.

Ef foreldrar eru í vafa um hvort atburðir eru á vegum nemendafélagsins þá bendum við þeim á heimasíðu skólans en [hér](#) má sjá lista yfir fyrirhugaða atburði haustannar 2014.

Björkvöld eru aldrei á vegum skólans og nemendur yngri en 18 ára eiga ekkert erindi á öldurhús.

